



Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir, félagsráðgjafi og sviðsstjóri á örorkusviði TR



Svanbjörg Berg Sigmarsdóttir, félagsráðgjafi MA og sviðsstjóri á endurhæfingarsviði TR

Nýtt örorku- og endurhæfingarkerfi

Félagsráðgjafar hafa gegnt mikilvægu hlutverki í ráðgjöf til einstaklinga varðandi réttindi í almannatryggingakerfinu allt frá vöggu til grafar. Hlutverk þeirra hefur aldrei verið jafn mikilvægt og nú, en umfangsmiklar breytingar á örorku- og endurhæfingarkerfinu taka gildi 1. september 2025. Markmið breytinganna er að nýtt kerfi verði einfaldara, skilvirkara og gagnsærra, að bæta afkomu þeirra sem fá greiddan örorku- og endurhæfingarlífeyri almannatrygginga, draga úr tekjutengingum, auka hvata til atvinnuþátttöku, auka stuðning við einstaklinga í endurhæfingu, hindra að fólk falli á milli kerfa og koma í veg fyrir að fólk endi ótímabært á örorku. Þá verða innleiddir nýir greiðsluflokkar, svo sem nýr örorkulífeyrir og hlutaörorkulífeyrir, nýjar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur og virknistyrkur.

SJÚKRA- OG ENDURHÆFINGARGREIÐSLUR

Endurhæfingarlífeyririnn í núgildandi kerfi hefur tekið miklum breytingum í gegnum árin. Ákvæði um greiðslur endurhæfingarlífeyris var fyrst lögfest

hér á landi árið 1989 og með lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 var sett það ákvæði að skilyrði fyrir greiðslum endurhæfingarlífeyris væri þátttaka í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði. Með lagabreytingunum 1. september næstkomandi koma sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í stað endurhæfingarlífeyris eins og hann er í dag, með aukinni áherslu á stuðning fyrir einstaklinga í endurhæfingu. Heimilt verður að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur þegar einstaklingur getur ekki stundað vinnu eða nám vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubreysts eða fötlunar.

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur munu tryggja framfærslu þegar einstaklingur:

- bíður eftir að meðferð eða endurhæfing hefjist
- er í viðurkenndri meðferð
- er í endurhæfingu
- er með heilsubrest sem kemur í veg fyrir að fyrirhuguð meðferð eða endurhæfing geti hafist

Tímabil greiðslna mun einnig lengjast. Í núgildandi kerfi er heimilt að greiða

endurhæfingarlífeyri í allt að 60 mánuði en við lagabreytingarnar verður hægt að framlengja greiðslur um 24 mánuði ef um er að ræða einstakling í mjög viðkvæmri stöðu sem vegna fjölþætts vanda er talinn þarfnast frekari meðferðar eða endurhæfingar. Að auki verður heimilt að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í allt að þrjá mánuði eftir að endurhæfingu lýkur, að því gefnu að einstaklingurinn sé skráður í atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun (VMST) eða öðrum þjónustuaðila.

SAMHÆFINGARTEYMI

Eitt af markmiðum nýs kerfis er að koma í veg fyrir að einstaklingar falli á milli kerfa og verður það gert með auknu samstarfi þjónustuaðila innan velferðarþjónustu og heilbrigðiskerfsins. Þjónustuaðilar eru félagsþjónustur sveitarfélaga, heilbrigðisstofnanir, VIRK, Vinnumálastofnun og Tryggingastofnun (TR). Sett verða á fótt samhæfingarteymi með það að markmiði að stuðla að heildstæðri nálgun og samfellu í þjónustu og framfærslu

einstaklinga. Þetta á við þegar einstaklingar:

- þurfa að fara á milli kerfa
- þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis
- þjónustupörfin er óljós

Samhæfingarteymin verða svæðisbundin og hefur nú þegar verið skipað í sex samhæfingarteymi um allt land. Eitt teymi verður fyrir hvert eftirtalinna svæða:

- Reykjavík
- Kragann
- Suðurnes og Suðurland
- Austurland
- Norðurland
- Vestfirði og Vesturland

Hvert teymi er skipað tveimur sérfræðingum frá hverjum þjónustuaðila og er þátttaka í teyminum hluti af starfsskyldu viðkomandi fagaðila. Umsjón með teyminum er í höndum teymisstjóra hjá TR og leiða þeir skipulag og umsýslu mála sem koma inn á borð hvers teymis.

Eitt af hlutverkum samhæfingarteymanna er að skoða sérstaklega bið í úrræði og leita mögulegra leiða til að draga úr biðlistum í samstarfi við þjónustuaðila, auk þess að vekja athygli á þörf fyrir uppbyggingu nýrra úrræða og meta árangur þeirra sem fyrir eru.

Nú þegar hafa samhæfingarteymin haldið nokkra fundi til undirbúnings fyrir nýtt verklag í nýju kerfi. Fundirnir hafa sýnt að þörfin fyrir þessa samvinnu er mikil og löngu tímabær til að tryggja samfellda og árangursríka þjónustu fyrir fólk sem þarf endurhæfingu.

Með nýju kerfi þarf að koma upp gagnasendingarkerfi milli skilgreindra þjónustuaðila, svokallaðri þjónustugátt. Hönnun hennar er nú langt komin, en með henni verður mikil breyting og uppfærsla á verkferlum og samskiptum milli þjónustuaðila. Skilvirkni eykst og hægt verður að

veita einstaklingum í viðkvæmri stöðu aukna þjónustu.

BREYTTAR ÁHERSLUR VEGNA ÖRORKU

Fram undan eru breytingar á örorkulífeyrskerfinu sem fela í sér bættu þjónustu, mikilvæga hvata til atvinnuþátttöku og bætt kjör með betra og einfaldara greiðslukerfi.

Markmiðið er að bæta afkomu þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri, einfalda kerfið, draga úr tekjutengingum, auka hvata til atvinnuþátttöku og gera örorkulífeyrskerfið gagnsærra og réttlátara.

NÝTT ÖRORKUMAT – SAMÞÆTT SÉRFRÆÐIMAT

Stór breyting verður 1. september næstkomandi þegar hætt verður að nota núgildandi örorkumat, sem er staðlað læknisfræðilegt mat sem hefur verið í notkun á Íslandi í rúmlega aldarfjórðung. Núverandi örorkumat var gert samkvæmt breskri fyrirmynd. Matinu er ætlað að meta örorku í ljósi líkamlegrar og andlegrar færniskerðingar vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar þar sem horft er til þeirra þátta sem segja til um vinnufærni til almennra starfa. Núgildandi örorkumatsstaðall einblínir þannig á vangetu og færniskerðingu í stað getu til að takast á við hindranir og möguleika til að efla styrkleika einstaklingsins til starfa.

Í stað núverandi örorkumats verður tekið upp samþætt sérfræðimat, sem er byggt á aðferðafræði ICF, alþjóðlegs flokkunarkerfis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Samþætt sérfræðimat er staðlað mat á getu einstaklings til virkni á vinnumarkaði þar sem færni, fötlun og heilsa er metin heildstætt og í víðum skilningi og litið er á færni sem afleiðingu af



Eitt af hlutverkum samhæfingarteymanna er að skoða sérstaklega bið í úrræði og leita mögulegra leiða til að draga úr biðlistum í samstarfi við þjónustuaðila, auk þess að vekja athygli á þörf fyrir uppbyggingu nýrra úrræða og meta árangur þeirra sem fyrir eru

”
Segja má að nýtt samþætt sérfræðimat byggist í raun á heildarsýn, sem er eitt af kjarnaatriðunum í félagsráðgjöf þar sem heildarsýn félagsráðgjafa felst í því að skoða vanda einstaklinga í víðu samhengi og líta svo á að vandamál séu ekki einungis persónuleg heldur mótist af fjölbreyttum þáttum í lífi fólks

samspili heilsufars og aðstæðna einstaklings. Við matið verða upplýsingar frá ýmsum sérfræðingum notaðar, þar með talið frá einstaklingnum sjálfum, tilvísandi aðilum, endurhæfingaraðilum, atvinnulífstenglum og þverfaglegum hópi starfsmanna hjá TR ef þörf er á.

TR ber ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd matsins og munu umsækjendur um örorkulífeyri frá og með 1. september nk. fara í hið nýja samþætta sérfræðimat. Framkvæmd samþætts sérfræðimats verður hjá TR. Í sumum tilfellum munu einstaklingar ekki þurfa að fara í samþætt sérfræðimat, eftir alvarleika fötlunar eða sjúkdóms.

FLOKKUNARKERFI ICF OG HEILDARSÝN FÉLAGSRÁÐGJAJA

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin eða WHO gaf ICF-flokkunarkerfið út árið 2001 og heldur utan um reglulega uppfærslu á því. Hugmyndafræði ICF-flokkunarkerfisins byggist á lífræðilegri, sálfræðilegri og félagslegri nálgun (e. bio-psycho-social model) þar sem sjónarhorn læknisfræðinnar er samþætt sálfélagslegu sjónarhorni, þau flokkuð og kóðuð. Í stað þess að gera ráð fyrir að fötlun taki við þar sem heilsu sleppir er með ICF horft á færni fólks í þeim aðstæðum sem það býr við. Um er að ræða breytta nálgun frá hugmyndafræði núgildandi örorkumats sem byggist á líflæknisfræðilegu líkani (e. biomedical model) þar sem athyglin beinist fyrst og fremst að orsökum og einkennum sjúkdóma og afleiðingum þeirra með tilliti til líkamlegra og andlegra færnisferðinga. Þegar mat er útbúið með hugmyndafræði ICF að leiðarljósi er grundvöllur þess fjölþættur og byggður annars vegar á færni (út frá líkamsstarfsemi og líkamsbyggingu, athöfnum og þátttöku) og hins vegar aðstæðum (umhverfi og

persónulegum þáttum). Megináhersla matsins er því á samspil færni viðkomandi við umhverfi og aðstæður, fremur en á greiningar og sjúkdóma. Litið er á færni sem útkomu af samspili heilsufars og aðstæðna einstaklingsins.

Segja má að nýtt samþætt sérfræðimat byggist í raun á heildarsýn, sem er eitt af kjarnaatriðunum í félagsráðgjöf þar sem heildarsýn félagsráðgjafa felst í því að skoða vanda einstaklinga í víðu samhengi og líta svo á að vandamál séu ekki einungis persónuleg heldur mótist af fjölbreyttum þáttum í lífi fólks. Í stað þess að einblína eingöngu á vanda einstaklingsins leitast félagsráðgjafar við að sjá styrkleika, hæfni og úrræði hans og nota það sem grunn að lausnum.

ÖRORKULÍFEYRIR, HLUTAÖRORKULÍFEYRIR OG VIRKNISTYRKUR

Nýr og einfaldari örorkulífeyrir verður til við breytinguna og kemur í stað örorkulífeyris, tekjutryggingar og sérstakrar framfærsluuppþótar í núgildandi kerfi. Nýr örorkulífeyrir verður greiddur til fólks sem metið er með 25% eða minni getu til virkni á vinnu- markaði samkvæmt samþættu sérfræðimati og verður matið varanlegt. Rétt er að taka fram að þau sem eru með gilt örorkumat 31. ágúst næstkomandi fá varanlegt mat og verða flutt í nýtt kerfi og þurfa ekki að sækja um samþætt sérfræðimat. Endurhæfing eða viðurkennd meðferð sem hefur það að markmiði að stuðla að aukinni færni til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta þarf ávallt að vera fullreynd áður en greiðsla örorkulífeyris getur hafist.

Einstaklingar sem metnir eru með meira en 25% og minna en 50% getu til virkni á vinnumarkaði samkvæmt samþættu sérfræðimati fá greiddan hlutaörorkulífeyri. Fjárhæð

hlutaörorkulífeyris er 82% af fjárhæð örorkulífeyris.

Einstaklingar sem eiga rétt á hlutaörorkulífeyri geta fengið greiddan virknistyrk frá Vinnumálastofnun í allt að 24 mánuði, eða á meðan þeir eru í virkri atvinnuleit með aðstoð stofnunarinnar. Fjárhæð virknistyrks nemur mismuninum á fjárhæð örorkulífeyris og hlutaörorkulífeyris.

Fjárhæðir greiðsluflokka örorkulífeyris breytast 1. september næstkomandi auk þess sem frítækjumörk vegna atvinnutekna þeirra sem eru með hlutaörorku munu hækka úr núverandi kerfi. Með hækkun frítækjumarka fyrir fólk sem er á hlutaörorku er verið að draga úr tekjutengingum og auka þannig hvata til atvinnuþátttöku.

HELSTU ÁHRIF NÝS KERFIS

Með nýju örorku- og endurhæfingar-kerfi verður umtalsverð breyting frá núverandi kerfi sem hefur margs konar áhrif á einstaklinga og þjónustuna í heild. Dæmi um það er nýr flokkur sjúkrageiðslna, en margir sem hingað til hafa verið í bið eftir úrræðum eða verið í viðurkenndri meðferð hafa ekki átt rétt á greiðslum og því verið án framfærslu. Endurhæfingartímabil verða almennt samþykkt til lengri tíma og þarf því sjaldnar að útbúa endurhæfingaráætlanir, en viðurkenndir þjónustuaðilar eru ábyrgir fyrir áætlunum sem TR tekur á móti.

Mál einstaklinga sem þurfa sérstaka athygli og meðhöndlun munu fara í gegnum samhæfingarteymi sem eru um allt land, og ætti það að draga úr álagi hjá einstaklingunum sjálfum sem og þjónustuaðilum. Samhliða innleiðingunni eru í vinnslu ýmsar lagfæringar á beiðnum um gögn, vottorðum og matsgögnum og er tilgangurinn að draga úr álagi vegna endurtekinna beiðna um gögn og vottorð.

Einstaklingar sem eru með gilt örorkumat til 31. ágúst 2025 eða lengur fá greitt samkvæmt nýju kerfi frá og með 1. september 2025. Með nýju kerfi fá þeir einstaklingar varanlegan rétt til örorkulífeyris og þurfa hvorki að sækja um né fara í nýtt mat við breytinguna. Eftir 1. september næstkomandi þarf að sækja um samþætt sérfræðimat til að fá örorkulífeyri eða hlutaörorku. Örorkulífeyrir og hlutaörorkulífeyrir verður samþykktur að 67 ára aldri, sem mun draga verulega úr álagi á heilbrigðiskerfið og ekki síst á einstaklinginn sjálfan. Um 5.000 manns hafa þurft að fara í endurmat vegna örorku hingað til á ári og því fyrirkomulagi verður hætt með tilkomu nýs kerfis.

TR leggur mikla áherslu á góða upplýsingagjöf til þeirra sem þurfa á þjónustu TR að halda. Einstaklingar geta óskað eftir viðtali vegna endurhæfingar, innheimtu og ellilífeyris í gegnum Noona. Einnig geta fagaðilar haft samband við sérfræðinga á endurhæfingarsviði alla virka daga milli kl. 10.00 og 15.00. Gert er ráð fyrir að sérstakur fagaðilasími vegna örorku verði opnaður á næstu mánuðum. Með gildistöku laganna 1. september 2025 verður tekið upp nýtt fyrirkomulag vegna þjónustu við einstaklinga sem eru að sækja um samþætt sérfræðimat þar sem málstjórar hjá TR munu halda utan um mál einstaklinga, veita ráðgjöf og upplýsingar.

Vegna lagabreytinganna sem taka gildi 1. september 2025 mun TR halda námskeið fyrir fagaðila um nýtt kerfi. Námskeiðið verður haldið hjá TR að Hlíðarsmára 11, það stendur í tvo daga, annars vegar 22.–23. maí og hins vegar 26.–27. maí.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um lagabreytingarnar og nýja kerfið á tr.is.

Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs.



Nýr og einfaldari örorkulífeyrir verður til við breytinguna og kemur í stað örorkulífeyris, tekjutryggingar og sérstakrar framfærsluuppbótar í núgildandi kerfi